

Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbókasafnsins árið 1888.

	Tekjur:	Kr. a
1. Sjóður við árslok 1887:		
a) Innritunarskýrteini Littr. A. Fol. 101	kr. 6600	›
b) 3 1/2% ríkisskuldabryjef Littr. E. Nr. 21830	— 200	›
c) Í sjóði hjá gjaldkera	—	› 63
		6800 63
2. Vextir:		
a) af innritunarskýrteini 11/6 1887— 11/6 1888	kr. 231	›
b) af ríkisskuldabryjefum 11/12 1887 — 11/6 1888	— 3,50	234 50
3. Styrkur úr landssjóði fyrir 1888:		
a) Til þess að kaupa bækur og handrit og til bókbands	— 1200	›
b) Til eldiviðar og áhalda m. m.	— 400	›
c) Af fje því, sem ætlað var til aðstoðar við bókaöörð	— 100	› 1700
	Tekjur alls	8735 13

Gjöld:

1. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands	1210	80
2. — prentunar á rit- aukaskrá m. m.	108	10
3. Fyrir eldivið og ílagning	270	48
4. Fyrir hreinsun og ræsting	97	81
5. Til aðgjörðar á hitavjel o. fl.	82	08
6. Fyrir aðstoð við bókaöörð við að lagfæra gömul handrit og koma þeim í reglu	100	›
7. Sjóður við árslok 1888:		
a) Innritunarskýrteini Littr. A. Fol. 101	kr. 6600	›
b) 3 1/2% ríkisskuldabryjef Littr. E. Nr. 21830	— 200	›
c) Í sjóði hjá gjaldkera	— 65,86	6864 86
	Gjöld alls	8735 13

Reykjavík 11. jan. 1889.

Eiríkur Briem.

Reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Hólum.

1. gr.

Á Hólum í Hjaltadal er stofnað opinbert bú og búnaðarskóli samkvæmt tilskipun 12. febr. 1872, og er til hans lagt búnaðarskólagjaldið úr Húnavatns, Skaga-fjarðar, Eyafjarðar, og Suður-Þingeyjarsýslum, bæði það, er safnast hefur í sjóð, og það, sem heimtist árlega, svo og allur opinber fjárstyrkur, er veitist skólanum.

2. gr.

Tilgangur skólans er að veita piltum þeim, er á hann ganga, kunnáttu til munns og handa, að því er snertir búnað og búfræði, venja þá við verklegan dugnað í þeim störfum, er þar að lúta, og yfir höfuð auka áhuga á framförum í búnaði.

3. gr.

Skólinn stendur undir yfirumsjón amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu. Yfirstjórn skólans skal falin nefnd manna, og kýs hver af hlutaðeigandi sýslunefndum einn þeirra og annan til vara til 6 ára. Stjórnaruefndin kýs sjer formann, og er hann jafnframt ritari og fjehirðir. Nefndarmenn hafa 4 kr. í fæðispeninga og ferðakostnað fyrir hvern dag, sem þeir eru fjærverandi frá heimilum sínum í þarfir skólans, en fyrir húslán til fundarhalda og fyrir ritstörf greiðist sanngjörn þóknun eptir reikningi.

4. gr.

Ætlunarverk stjórnarnefndarinnar er, að hafa eptirlit með því, að kennslan, forstaða búsins og heimilisstjórnin yfir höfuð sje í góðu lagi, svo að skólinn nái sem bezt tilgangi sínum. Einnig skal hún hafa á hendi fjármál skólans, og með fylgi skólastjóra ráða úr öllum vandamálum, er skólanum og búinu við koma.

Stjórnarnefndin heldur einn aðalfund ár hvert, um miðjan maímánuð, og skal sá fundur haldinn á skólasetrinu í viðurvist skólastjóra. Í októbermánuði ár hvert skal formaður nefndarinnar koma á skólasetrið eða annar nefndarmaður, er hann til þess kveður, til eptirlits og úrráða. Aukafundi má halda, ef meiri hluti nefndarmanna krefst þess, eða formanni þykir nauðsyn til bera. Formaður kveður nefndarmenn til funda með nægum fyrirvara, og eru þeir skyldir að mæta, nema gild forföll banni. Einnig skal gera skólastjóra fyrirfram aðvart um alla nefndarfundu, og hefur hann rjett til að vera þar viðstaddur. Fundargjörðir allar, brjef, reikninga og aðrar afgreiðslur stjórnarnefndarinnar skal rita í bók, er amtmaður löggildir. Endurrit af fundargjörðum nefndarinnar skal senda amtsráðinu og hlutaðeigandi sýslunefndum.

5. gr.

Skólastjóri skal vera búfræðingur, er stjórnarnefndin ræður með samþykki amtsráðsins. Hann er aðalkennari skólans, og hefur alla umsjón með kennslunni. En honum til aðstoðar skal stjórnarnefndin eptir tillögu hans ráða annan kennara um þann tíma er bókleg kennsla stendur yfir. Skólastjóri er forstöðumaðar búsins og hefur á hendi alla umsjón þess. Skal hann ábyrgjast, að ekkert af eignum búsins misfarist fyrir stjórnleysi eða vanhirðingu. Skólastjóri er umráðamaður Hólaeignarinnar, byggir með samþykki stjórnarnefndarinnar þann hluta hennar, er búið hefur ekki til afnota, og annast um, að öll lögskil verði innt af hendi. Ennfremur er hann fjárhaldsmaður, kirkjunnar á Hólum, innheimtir tekjur hennar árlega og annast það sem til hennar þarf að leggja.

Skólastjóri skal haga sjer eptir reglum þeim, er stjórnarnefndin ákveður með samþykki amtsráðsins. Vilji hann losast við sýslan sína, skal hann tilkynna það stjórnarnefndinni með 6 mánaða fyrirvara til næstu fardaga. En eigi verður honum vikið frá, nema hann annaðhvort brjóti reglur þær, sem honum eru settar, eða hann reynist miður hæfur til að standa vel í stöðu sinni. Ef skólastjóra greinir á við stjórnarnefndina í þessu efni eða því, sem er mikils varðandi fyrir skólann, sker amtsráðið úr þeim ágreiningi.

6. gr.

Bónarbrjef um inntöku í skólann skulu send skólastjóra fyrir lok nóvembermánaðar og skal þeim fylgja skírnarseðill umsækjanda, skírteini um að hann sje bólu-

settur, vottorð um gott siðferði frá hlutadeigandi sóknarpresti, svo og yfirlýsing frá fullveðja manni um að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum pilsins við skólastofnunina. Bónarbrjefin ásamt fylgiskjöllum sendir skólastjóri með tillögum sínum til formanns stjórnarnefndarinnar, og veitir hann piltum inntöku og tilkynnir þeim það brjeflega við fyrsta tækifæri.

163

7. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru:

1. Að pilturinn sje fullra 18 ára, og hafi proska til venjulegrar sveitavinnu.
2. Að hann sje heilsuhraustur og hafi engan næman sjúkdóm.
3. Að hann sje vel læs og skrifandi, kunni 4 reikningsgreinir í heilum tölum og brotum og beina þríliðu, riti íslenzku stórlýtalaust, skilji auðvelda dönsku á bók og hafi lært ágríp af landafræði.

Nýsveinar skulu hafa með sjer vottorð um kunnáttu sína í þessum greinum, frá þeim, er þeir hafa lært hjá, eða hlutadeigandi sóknarpresti, og við inntöku þeirra í skólann skulu þeir ganga undir próf í hverri grein fyrir sig.

8. gr.

Skólaárið telst frá 14. maí ár hvert til jafnlengdar árið eptir.

9. gr.

Hin verklega kennsla skal einkum vera fólgin í eptirfylgjandi atriðum:

1. Að nota plóg, herfi og önnur jarðyrkjuverkfæri.
2. Að rækta matjurtir og fódurjurtir.
3. Að fara rjett með áburð.
4. Að þurka votlendi og gera veitur.
5. Að sprengja grjót, stinga hnausa, rista torf og strengi, hlaða garða og veggi jafnt úr grjóti sem úr torfi.
6. Að verka hey og stýra heyverkum og öðrum störfum.
7. Að hirða nautgripi, sauðfje og hross.
8. Að slátra skepnum og fara rjett með afrakstur þeirra.
9. Að nota einföld áhöld til landmælinga og hallamælinga.

10. gr.

Bóklega skulu þessar námsgreinir kenndar:

1. Meginatriði náttúrufræðinnar, dýrafræði, grasufræði, efnafræði og eðlisfræði.
2. Jarðræktarfræði, um túnrækt og engjarækt.
3. Garðyrkjufæði, um sáðgarða og matjurtarækt.
4. Kvikfjárrækt, einkum um fódurun búpenings og kynbætur.
5. Hagfræði í búnaði og um búreikninga.
6. Mælingafræði, um flatarmál, rúmmál og hallamæling.
7. Dráttlist, að gera myndir af landspildum og verkfærum.
8. Reikningur, um brot, þríliðu, keðjureglu og kvaðratrót.
9. Íslenzka, að rita rétt mál og semja ritgerðir.
10. Danska, að lesa og skilja danskar bækur.
11. Ágríp af landafræði, einkum Íslands.

11. gr.

Kennslunni skal haga þannig, að henni vanalega verði lokið á 2 árum.

163

Bókleg kennsla stendur yfir í 28 vikur ár hvert frá 1. nóvbr. til 14. maí, að frádregnu jólaleyfi og upplestrartíma undir vorþróf. Um þann tíma skal verja til bóknáms 8 stundum á degi hverjum til jafnaðar, en 2 stundir á dag eru piltar skyldir að gegna útivinnu. Heimilt er einnig, ef hagfeldara þykir, að láta þá vinna lengri tíma í senn eða jafnvel heila daga, þó svo, að vinnan sje ekki meiri en svarar 1 degi á viku hverri allan veturinn. Ennfremur skulu piltar til skiptis hafa á hendi nautgripahirðingu, er nemi mánuði, og sauðfjárhirðingu innanhúss jafnlangan tíma, svo og hrossahirðingu; þó má eigi ætla piltum meira verk en svo, að þeir með góðri ástundun geti nokkurnveginn fylgzt með námsbræðrum sínum í hinum bóklegu kennslugreinum.

Skólastjóri semur á hverju ári kennsluskrá fyrir vetrarskólann, og sendir hana stjórnarnefndinni til samþykktar.

12. gr.

Á tímabilinu frá 15. maí til 31. oktbr. ár hvert eru piltar skyldir að taka þátt í öllum heimilisstörfum; þó skulu þeir að jafnaði vera að minnsta kosti 8 vikur árlega við jarðabætur og annað verklegt nám. En hinn tímann eða svo sem svarar 16 vikum, er piltum skylt að ganga að heyrinu og öðrum þeim störfum, er nauðsynleg búsysla krefur. Ekki má ljá þá út af heimilinu til annarar vinnu en jarðabótaskarfa, er framkvæmd sjeu eptir fyrirsögn skólastjóra. Vinnutími pilta að vorinu skal til jafnaðar vera 11 stundir á dag, að haustinu 10 stundir en um sláttinn 12 stundir á degi hverjum.

Að vorinu skal varið 6 stundum á viku til grasafraeðiskennslu. Að öðru leyti er eigi ákveðinn bóknámstími að sumrinu, en hamli veður að úti verði unnið, og eigi sjeu önnur nauðsynleg verk fyrir hendi, skal nota þvílíkar stundir til bóknáms. Einnig skulu piltar jafnt á öllum árstímum til skiptis halda verkabækur, skrár yfir afurðir búans og fleira, er lýtur að búreikningum.

13. gr.

Skólinn veitir námspiltum kennslu, húsnæði, fæði, þjónustu, hita, ljós, sokka, vetlinga og skóleður endurgjaldslaust, nema að því leyti, sem þeir borga með vinnu sinni. En bækur, ritföng, og fatnað allan, handklæði, greiðu og handsápu skulu piltar leggja sjer til sjálfir.

(Framhald).

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

9. oktbr. setti landshöfðingi cand polit. *Sigurð Briem* til þess fyrst um sinn, frá 1. nóv. næstkomandi að telja, að gegna upp á eigin ábyrgð sýslumannsembættinu í *Arnessýslu*, meðan það er óveitt.

S. d. veitti landshöfðingi presti að *Hofi í Álptafirði*, sjera *Stefáni Sigfússyni*, er vikið var frá embætti um stundarsakir 8. febr. þ. á. (sbr. Stjttíð þ. á. B. bls. 64), lausn frá tjeðu prestsembætti fyrir fullt og allt frá 15. okt. þ. á. að telja, án eptirlauna.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Hof í Álptafirði í Suður-Múlaprófastdæmi. Metið 1483 kr. 96 a. Af brauðinu greiðist eptirlaunahluti uppgjafaprests samkv. 6. gr. laga 27. febr. 1880. Á brauðinu hvílir og landssjóðslán, 300 kr., tekið 1885, sem endurborgast á 6 árum með 50 kr. árlega auk vaxta. Auglýst 14. októb. 1890.

Reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Hólum.

163

(Framhald).

14. gr.

Skólastjóri skal sjá um, að bækur þær, sem hafðar verða við kennsluna, sömuleiðis ritföng og önnur áhöld, er þurfa við námið, sjeu til kaups við skólann móti borgun út í hönd, en peninga til innkaupanna lánað skólasjóður til bráða-birgða.

15. gr.

Námspiltar skulu vera skólastjóra hlýðnir og auðsveipir, sem yfirboðara sínum. Við bóklegt nám eru þeir einnig skyldir að sýna kennara sínum hlýðni, og við útvinnu þeim, er verki stýrir. Þykist piltar í einhverju vanhaldnir, mega þeir bera sig upp við stjórnarnefndina, og finni hún umkvörtun þeirra á rökum byggða, skal hún ráða bót á því.

16. gr.

Skólastjóri skal hafa nákvæmt eptirlit með framferði pilta, að það sje í alla staði siðsamlegt. Geri nokkur piltur sig beran að ósiðsemi, óreglu eða þvermóðsku, og skipist eigi við ítrekaðar áminningar skólastjóra, getur stjórnarnefndin vísað honum frá skólanum, og er hann þá skyldur að borga meðlag fyrir þann tíma, sem hann er búinn að vera á skólanum, eptir ákvæðum stjórnarnefndarinnar.

17. gr.

Leggist piltur veikur, skal hann borga allan kostnað við lækunishjálpi og sjerstaka aðhjúkrun; sje legutíminn mánuði lengur, skal stjórnarnefnd skólans skera úr hvort og að hve miklu leyti pilturinn skuli eptir atvikum borga fæðispeninga.

Nú er piltur frá verkum án þess veikur sje, og skal hann þá borga 1 kr. fyrir hvern dag vor og haust og 2 kr. fyrir hvern dag um heyskapartímann.

18. gr.

Um jólin skal vera 14. daga leyfi frá 21. desember til 3. janúar ár hvert, og er piltum þá frjálst að yfirgefa skólann, og sömuleiðis 1 viku um páska.

19. gr.

Á vori hverju fyrir miðjan maímánuð, skal próf haldið í skólanum, bæði yfir yngri námsflokknum í því, er hann hefir numið, og eldri námsflokknum, er þá lýkur burtfararprófi í öllum hinum bóklegu kennslugreinum og í hinum verklegu námsgreinum, sem eigi hefir verið prófað í að haustinu áður. Á undan vorprófinu veitist yngri flokknum hálfsmánaðartími til upplesturs, og eldri flokknum þriggja vikna tími til undirbúnings undir burtfararprófið. Við hvert próf skulu vera 2 prófdómendur, er stjórnarnefndin kveður til þess.

20. gr.

Við burtfararprófið skal gefa sjerstakar einkunnir:

- A. í verklegu, fyrir 1. plægning og þúfnasljettun, 2. garðyrkjustörf, 3. framræslu og vátusveiting, 4. landmæling og hallamæling, 5. grjótvinnu og torfverk, 6. heyvinnu og verkstjórn, 7. fjenaðarhirðing, 8. sláturstörf, 9. kapp og reglusemi.
- B. í bóklegu, fyrir 1. náttúrufræði, 2. jarðræktarfræði, 3. garðyrkjufraði 4. kvikfjár-rækt, 5. hagfræði í búnaði, 6. mælingarfræði, 7. dráttlist, 8. reikning, 9. íslenzku,

21. dag nóvembermán. 1890.

10. dönsku, 11. landafræði. Í þeim greinum, er prófdómendur geta eigi umdæmt eptir eigin sjón eða raun, ákveður skólastjóri einkunnina.

21. gr.

Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa, afarilla, og jafngilda tölunum 6, 5, 4, 3, 2, 1, en nákvæmar eru einkunnirnar ákveðnar með brotum $\frac{1}{3}$ og $\frac{2}{3}$.

Ef einhver piltur fær minna en 3 í aðaleinkunn við burtfararpróf, hefir hann eigi staðizt það. Vilji slíkur piltur vera lengur á skólanum, verður hann að sækja um það sem nýsveinn, og sezt þá í efri bekk, ef hann fær inntöku, og dvelur eitt ár enn. Enginn, sem fær minna en 3 í aðaleinkunn við vorpróf, getur fluzt upp í efri bekk, nema stjórnarnefndin veiti, eptir tillögu skólastjóra, sjerstaka undanþágu frá þessari reglu. Nýsveinar geta sezt í efri bekk, ef þeir við inntökuna ganga undir verklegt og bóklegt próf, er sýni, að þeir sjeu hæfir til að vera í eldri námsflokknum.

22. gr.

Hverjum þeim pilti, er staðizt hefir burtfararpróf, er gefið skriflegt burtfararskírteini, og skal í því tilgreina hinar sjerstöku einkunnir, ásamt aðaleinkunn þeirri, sem hann hefir fengið við prófið. Í burtfararskírteininu skal skólastjóri einnig gefa piltinum vitnisburð um iðni og hegðun. Sá piltur, sem ekki hefir staðist burtfararpróf, eða ekki gengið undir það, á heimtingu á að fá vottorð skólastjóra um veru sína á skólanum.

23. gr.

Við lok hvers skólaárs semur skólastjóri, skýrslu um skólann hið liðna ár, og sendir hana stjórnarnefndinni, er kemur henni á prent. Nokkur eintök skýrslunnar skal senda amtsráðinu og hlutadeigandi sýslunefndum.

24. gr.

Reikningsskilum skólastofnunarinnar skal haga þannig, að skólabúið og skólasjóðurinn hafi hvort sinn fjárhag út af fyrir sig eptir þeim reglum, er stjórnarnefndin ákveður með samþykki amtsráðsins. Fyrir hvert skólaár semur skólastjóri reikning yfir tekjur og gjöld búsins samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarnefndin setur, og sendir hann ásamt hinum sjerstöku búreikningum, verkabókum, afurðaskrám og öðrum fylgiskjölum til stórnarnefndarinnar fyrir lok júnímánaðar. Fyrir sama tíma skal skólastjóri einnig senda nefndinni hinn árlega reikning yfir tekjur og gjöld Hólakirkju. Við lok hvers skólaárs gerir formaður nefndarinnar reikning fyrir tekjum og gjöldum skólasjóðsins, samkvæmt gjaldabók skólans, og jafnframt skal hann semja aðalreikning, um fjárhag skólastofnunarinnar í heild sinni, er sje árlega prentaður ásamt skólaskýrslunni.

Alla þessa reikninga endurskoða 2 menn er amtsráðið kveður til þess fyrir 6 ár í senn. Þegar endurskoðuninni er lokið, senda þeir reikningana með athugasemdum sínum til stjórnarnefndarinnar, en hún afgreiðir þá ásamt svörum reikningshaldara til amtsráðsins, er úrskurðar þá.

25. gr.

163

Reglugjörð þessi gildir frá byrjun skólaársins 1891—92.

*

*

Framanrituð reglugjörð, er samin er af amtsráðinu í norður- og austuramtinu eptir fru mvarpi tilkjörinna sýslunefndafulltrúa og tillögum sýslunefndanna í Húnavatns-Skagafjarðar- Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjar sýslum, staðfestist hjer með.

Reykjavík, 1. sept. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um vorpróf í lærða skólanum 1890. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi dags. 23. f. m. 12. sept. sent hingað þýðingu af brjefi frá stiptsyfirvöldunum, þar sem þau leita staðfestingar á samþykki því, er þau höfðu gefið til þess, að víkja mætti á þann hátt sem nánar er lýst í stiptsyfirvaldabrjefinu, frá ákvæðunum í 9. gr. reglugjörðar fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík 11. júlí 1877 um vorpróf í skólanum, sakir inflúenzaveiki þeirrar, er í vor gekk í Reykjavík.

Útaf þessu skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn fellst hjermeð á ofanefnda ráðstöfun, er stiptsyfirvöldin höfðu leyft.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um sveitfesti þurfaðings. — Eptir að mjer hefur borizt þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 8. f. m. og skjöl þau er því fylgdu, snertandi sveitfesti gamalmennisins Þuríðar Böðvarsdóttur, er þjer hafið álitíð sveitlæga í Reykholtisdalshreppi í úrskurði yðar í máli þessu, uppkveðnum 14. okt. f. á., sem hreppsnefndin í Reykholtisdalshreppi hefur áfrýjað til mín með erindi dagsettu 13. febr. þ. á., skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem ofanefndur úrskurður yðar er á byggður, og skal hann því í öllum greinum óraskaður standa.¹

1) Úrskurður amtmannsins í máli þessu er svohljóðandi:

«Hreppsnefndin í Reykholtisdalshreppi hefur með brjefi, dags. 2. janúar 1888, áfrýjað til amtsins úrskurði sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarsýslu, dags. 15. desbr. 1884, er ákveður að gamalmennið Þuríður Böðvarsdóttir skuli eiga rjett til sveitarframfærslu í Reykholtisdalshreppi.

Samkvæmt skjölum málsins og vitnaleiðslu þeirri, er amtið hefur látið fram fara í málinu, eru málavextir þannig:

Þuríður Böðvarsdóttir er fædd á Hofstöðum í Hálsahreppi í Borgarfjarðarsýslu 29. sept. 1826 og eptir 16. aldursár hefur hún dvalið 3 ár á Skógum í Reykholtisdalshreppi og næst þar á eptir 11 ár í Deildartungu í sama hreppi; þaðan fluttist hún til Lundareykjadals og var þar 3 ár, þaðan vjek hún að Mófellsstöðum í Skorradalshreppi og dvaldi þar í 7 ár, eða til vorsins 1866, að hún fluttist að Þingnesi, og dvaldi þar síðan samfleytt til þess í oktbr. 1875 að hún fór að Deildartungu í Reykholtisdal og var þar hjá skyldfólki sínu vetrarlangt til vors 1876, er hún aptur fluttist að Þingnesi. Sýslumaður hefur í úrskurði sínum tekið það fram, að Þuríður samkvæmt framanskrifadri skýrslu um verustaði hennar, hafi hinn 29. septbr. 1847, með 5 ára löglegri dvöl í Reykholtisdalshreppi, verið búin að vinna sjer þar sveit, og þar